



Hvað er til ráða?

Hugmynd um lausn þjóðfélagsins á því mikla vandamáli „erfiðir geðsjúklingar, sem passa hvergi inn í kerfið“.

Skilgreining á slíkum einstaklingum.

- a) **Veikur** einstaklingur, sem ekki hefur valdið dauða annars manns eða gert tilraun til þess eða brotið lög svo hægt sé að stinga honum inn í fangaklefa og láta hann dúsa þar.
- b) **Veikur** einstaklingur, sem ekki lætur að stjórn á geðsjúkrahúsi.
- c) **Veikur** einstaklingur, sem ekki lætur að stjórn á heimili.
- d) **Veikur** einstaklingur, sem ekki getur hugsað um sig sjálfur.
- e) **Veikur** einstaklingur, sem

hvað eftir annað lendir í árekstrum úti í samfélaginu við okkur hin sem erum heilbrigð.

- f) **Veikur** einstaklingur, sem ekki hefur ennþá leyst vandamálið sjálfur og fyrirfarið sér.

Hversvegna er þetta eiginlega lagt á okkur hin heilbrigðu (alþingismenn, ýmsa aðra ráðamenn, lækna, sálfræðinga, hjúkrunarfólk, félagsfræðinga, félagsráðgjafa, lögreglu, aðstandendur og hinn almenna borgara)? Við megum ekkert vera að því að velta okkur upp úr slíkri eynd, sem þessi hópur á við að stríða, við höfum nóg á okkar könnu. Við þurfum að byggja okkur hús, eignast al-

mennilegan bíl, ala upp börnin okkar, ráða fram úr ýmsum málum, sem eru þó leysanleg, glíma við verðbólguna o.s.frv. o.s.frv.

Nei, þetta gengur ekki lengur. Við verðum að taka afstöðu, því að ekki er hægt að fela þetta fólk. Það lætur ekki að stjórn og gægist alltaf upp á yfirbordið og það er vægast sagt óþægilegt.

Góðir heilbrigðir samborgarar, látum þetta fólk ekki angra okkur lengur með öll sin vandamál, það er hvort sem er ekki gert ráð fyrir því neins staðar í kerfinu. Og varla getum við rýmt til fyrir því og gefið því pláss. Með því að sjá vandann eins og hann er í raun og veru og taka á honum út frá staðreyndum sýnum við heidarleika og hugrekki í stað þess að loka si-

felt augunum og stinga hausnum niður í sandinn. Hugmyndin er því „að slá þetta fólk af“. Eins væri þessi „aðgerð“ mjög ódýr því ekki veitir okkar Íslendingum af að spara á þessum síðustu og verstu tímum.

Þess skal getið í lokin að þessi orð eru skrifuð af aðstandanda geðsjúklings í vanmáttu reiði og órvæntingu. Oft er ég komin að því að gefast upp og kasta þessu öllu frá mér, en samviskan segir að það megi ég alls ekki, enda er það engin lausn fyrir sjúklinginn.

Með þessum núturlegu skrifum mínum er ég í raun og veru að hrópa á hjálp og skilning ráðamanna til þess að gera lífið bærilegra fyrir erfiða geðsjúklinga og aðstandendur þeirra.